



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

Alþingi
Erindi nr. P 131/1023
komudagur 8.3.2005

S/42

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

7. mars 2005

Efni: Frumvarp til laga um fjarsölu fjármálaþjónustu, 482. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. febrúar sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint þingmál. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Tilgangur frumvarps þessa er að setja samræmdar reglur um fjarsölusamninga hvers konar fjármálaþjónustu til einstaklinga, enda sé samningsgerðin óviðkomandi starfi hans. Hér er um að ræða almennt neytendaverndarfrumvarp, sem byggir á tilskipunum Evrópusambandsins, sem Íslendingum er skylt að innleiða. SÍT átti fulltrúa í nefnd þeirri, sem kom að samningu frumvarpsins. Þá gafst aðildarfélögum SÍT kostur á því að taka þátt í starfshópi, sem fékk það verkefni að fara yfir efni frumvarpsins í tengslum við samningu þessarar umsagnar SÍT. Í öllum höfuðatriðum sýnist ekki ástæða til að gera athugasemdir við frumvarpið, enda efni þess í samræmi við tilskipanir ESB. Vissulega felst í frumvarpinu aukin neytendavernd, en akkur er einnig fyrir þá aðila, sem bjóða fjarsölusamninga um fjármálaþjónustu hér á landi að hafa á einum stað skýrar reglur í þessum efnum.
2. Yfirskrift 7. gr. frumvarpsins er “upplýsingar um fjarsölusamning”. Þar eru talin upp í sjö liðum atriði, sem þjónustuveitandi skal upplýsa um áður en neytandi er bundinn af samningi. Í 5. tölul. er fortakslaus áskilnaður um það, að upplýsa skuli um lög þess lands sem liggja til grundvallar tengslum þjónustuveitanda við neytanda. Í 6. tölul. er sambærilegur áskilnaður, en þar skal upplýst um hvort og þá hvaða ákvæði séu fyrir hendi í fjarsölusamningi um lög, sem gilda eigi um samning og varnarþing. Sú meginregla gildir hér á landi, og sér stað t.d. í nýlegum lögum nr. 30/2004, að seljendur vöru eða þjónustu til neytenda hér á landi þurfi ekki að gera fyrirfram sérstaka grein fyrir lögum, sem snúa að samningsgerðinni eða efni samningsins, eigi íslenskar lagareglur að gilda um samninga. Íslenskar

reglur gilda einfaldlega milli aðila, sé ekki á annan veg samið. Í ofangreindum 5. og 6. töluliðum 7. gr. frumvarpsins er litið framhjá þessum sjónarmiðum. Eftirtaldar breytingar eru því lagðar til á þessum ákvæðum, og er feitletrunin viðbót við frumvarpstextann.

5. tölul. 7. gr. orðist svo:


“Lög hvaða lands liggja til grundvallar tengslum þjónustuveitanda við neytanda, **eigi íslensk lög ekki að gilda.**”

6. tölul. 7. gr. orðist svo:

“Hvort og þá hvaða ákvæði eru fyrir hendi í samningnum um hvaða lög gilda um fjarsölusamninginn og varnariðing, **eigi íslensk lög ekki að gilda eða sé varnariðing utan Íslands.**”

Verði þess óskað, er SÍT reiðubúið að veita fyllri skýringar um málefnið.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson